

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 7/2003 um reglur um endurskoðun á fyrirframgreiðslu þinggjalda á árinu 2003.

1. Frestur vegna umsókna um lækkun á fyrirframgreiðslu ársins 2003 er til 15. apríl nk. Umsóknir ásamt gögnum skulu því í síðasta lagi hafa verið póstagðar til skattstjóra í umdæmi umsækjanda fyrir lok umsóknarfrests.
2. Forsendur fyrir lækkun fyrirframgreiðslunnar eru þær að skattstofnar vegna tekjuársins 2002 hafi lækkað um a.m.k. 25% frá tekjuárinu 2001 og að álögð gjöld 2003 muni að lágmarki verða 20.000 kr. lægri en við álagningu 2002.
3. Umsækjanda ber að sýna fram á forsendur lækkunar með skattframtali 2003 ásamt lögboðnum fylgiskjöllum. Ársreikningar skulu fylgja skattframtölum rekstraraðila. Hafi umsækjandi skilað rafrænu framtali 2003 ásamt fylgigögnum er nægjanlegt að vísa til þess í umsókninni.
4. Ákvörðun skattstjóra er kæránleg til ríkisskattstjóra innan 15 daga frá dagsetningu úrskurðar.
5. Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 939/2002.

Reykjavík, 27. febrúar 2003.

F.h. ríkisskattstjóra,

Ingvar J. Rögnvaldsson.

Steinþór Haraldsson.